

Rýmingaráætlun Brúarskóla

Brunaviðvörðunarkerfi er í Brúarskóla. Ef kerfið fer í gang skal unnið eftir rýmingaráætlun. Brunaæfing fer fram á hverju hausti og sjá umsjónarkennarar um að kynna áætlun fyrir nemendum. Markmið er að skólinn verði rýmdur á innan við 3 mínútum.

Allir starfsmenn taka þátt í og aðstoða við að rýma skólann.

- Nemendum ber að láta starfsmann vita verði þeir varir við eld eða ef brunaboði er nálægur á að ýta á hann
- Ef reykur er á gangi eiga nemendur að halda kyrru fyrir í stofu og skal hurð vera lokuð, fólki verður bjargað út um glugga þegar slökkvilið kemur.
- Ef viðvörðunarkerfi fer í gang skal nemendum raðað upp í stofu og fylgt út.
- Nemendur taka hvorki með sér skó né yfirhafnir þegar skólinn er rýmdur.
- Kennari fer síðastur út úr stofu og lokar hurð á eftir sér
- Nemendur ganga í röð, alls ekki hlaupa, á eftir kennara sínum út á körfuboltavöll
- Á körfuboltavelli fylgir hver hópur sínum kennara
- Nemendur í sérgreinatímum fylgja sínum sérgreinakennara og sameinast sínum bekkjarhópi á söfnunarsvæði
- Umsjónarkennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Kennari gerir viðvart hvort einhvern vantar og hvar hann gæti verið.

Mikilvægar upplýsingar varðandi rýmingaráætlun Brúarskóla

- Mynd af flóttaleiðum er á vegg á hverju svæði og fer rýmingin fram samkvæmt flóttaleiðum sem búið er að kynna nemendum
- Nemendur fylgja sínum kennara á söfnunarsvæði á skólalóð
- Nemendur sem eru á salernum á sal eða öðrum rýmum þegar eldur kemur upp fara stystu leið út og síðan á sitt söfnunarsvæði
- Starfsmenn meta og velja sína flóttaleið
- Þegar út er komið safnast allir saman á körfuboltavelli skólans og hver bekkjarhópur raðar sér upp í starfsófsröð hjá sínum umsjónarkennara
- Starfsmenn sem ekki hafa umsjón með hópum raða sér upp í stafrófsröð á körfuboltavelli
- Ef umsjónarkennari gefur merki um að einhvern vanti athugar skólastjóri/aðstoðarskólastjóra og ritari viðverulista
- Ritari skólans tekur skráningabók fjarvista og viðbragðsmöppuna með sér út
- Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri telur starfsfólk
- Þegar talning hefur farið fram má leita skjóls í öðrum byggingum skólans meðan hættuástand varir.